

## Fundargerð háskólaráðs

311. fundur fimmtudaginn 15. desember 2011  
stofu 262, Borgum, kl. 12.00 - 15.30

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Hermann Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs  
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri  
Bragi Guðmundsson prófessor og Dagmar Ýr Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri.

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð og mál til kynningar

"[málsnúmer]"

Ákveðið var að fresta samþykkt fundargerðar til næsta fundar.  
Rektor sagði frá að HA hefur fengið Diploma Supplement vottun (DS-Label).  
Diploma Supplement er viðauki með brautskráningarskíteini með ítarlegum  
upplýsingum um námið. DS-Label er mikil viðurkenning fyrir HA og mun koma  
nemendum háskólans mjög til góða. Formleg afhending DS-Label til HA mun  
fara fram í Kaupmannahöfn 8. maí í tilefni af 25 ára afmæli ERASMUS  
áætlunarinnar.

Þann 5. desember undirrituðu rektorar opinberu háskólanna og menntamála-  
ráðherra samning sem mun auðvelda nemendum að sækja nám milli  
háskólanna. Samningurinn er hluti af formlegu samstarfi háskólanna.

HA hefur fengið samþykkt menntamálaráðuneytisins fyrir hönnun fimmta áfanga  
bygginga á Sólborg og 90 mkr. framlag á fjárlögum ársins 2012 til þess.  
Byggingin verður um 700 m<sup>2</sup> að stærð og er ætluð til skrifstofurýmis meðal  
annars. Vonir standa til að hægt verði að hefja byggingu sumarið 2012.

### 2. Gæðamál

"[málsnúmer]"

Sigrún kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Sigrún sýndi fundarmönnum handbókina Quality Enhancement Handbook 2011  
sem er hefti úr ritröð um gæðamál sem gæðaráð háskólanna stendur að.

Hið nýja gæðakerfi háskólanna heitir á ensku Quality Enhancement Framework  
og er allar upplýsingar um það að finna á vef RANNÍS.

Greindi Sigrún svo frá gæðaráði háskólanna, Quality Board, QB, sem í sitja  
erlendir sérfræðingar á þessu sviði, og frá ráðgjafanefndinni Quality Council sem



í eiga sæti rektarar íslensku háskólanna ásamt fleirum. Skýrði Sigrún frá hlutverki QB og QC.

Gæðaráð HA hefur gert tillögu að innri úttektum á deildum HA næstu fimm árin.

Úttekt á stoðbjónustu viðkomandi eininga fer fram samhliða. Við hverja sjálfsmatsúttekt mun HA hafa stoð af sérfræðingi frá einhverjum þeirra fimm erlendu háskóla sem HA velur að bera sig saman við, nokkurskonar jafningjastuðning. Greindi Sigrún frá hvernig innri úttekt/sjálfsmatsúttekt fer fram. Norman Sharp úr Quality Board mun heimsækja HA árlega sem ráðgjafi við innri úttektirnar en þær eru jafnframt undirbúniningur að heildarúttekt.

Heildarúttekt á starfi háskólans mun fara fram skólaárið 2013 – 2014.

Gæðastefna HA verður jafnframt endurskoðuð með tilliti til samstarfs íslensku háskólanna.

Sigrún sagði frá viðbrögðum HA við könnun um brothvarf nemenda, þ.e. akademískri handleiðslu sem nú er notuð til reynslu. Einnig hefur verið ákveðið að taka út tölur yfir brothvarf í október og febrúar ár hvert og senda forsetum fræðasviða svo hægt sé að bregðast við jafnt og þétt. Þá hefur brothvarfsteymi gæðaráðs mælt með því að verklag heilbrigðisvínsindasviðs við utanuhald um námsferil nemenda verði tekið upp á öllum fræðasviðunum. Háskólaráð lýsti áhuga á að fá sérstaka kynningu á niðurstöðum könnunar um brothvarf meðal nemenda HA og aðgerðir til að sporna við því.

Sigrún kvaðst bjartsýn á að nýja gæðakerfið skilaði tilætluðum gæðaumbótum. Háskólaráð lýsti ánægju með það.

Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundinum.

### 3. Rekstur janúar - nóvember

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði og útskýrði yfirlitið. Rekstur kennsludeilda er 686.659 mkr. og stoðbjónustu 502.651 mkr. samtals 1.189.310 mkr. eða 92,74% af viðmiði sem er 91,66%. Eftir er að færa tekjur á móti kjarasamningsbundinna launahækkaná frá 1. júní. Rekstur ýmissa verkefna er 51.412 mkr. og stofnana og setra með eigin tekjur 160.303 mkr.

Úlfar taldi líkur á að rekstrarniðurstaða háskólans í árslok yrði jákvæð en til þess að svo verði er nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds þær vikur sem eftir eru af árinu.

### 4. Rekstraráætlun HA 2012

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði drögum að rekstraráætlun. Tekjur eru áætlaðar kr. 1.486.100.000 og gjöld kr. 1.506.776.293. Mismunurinn er kr. -20.676.293. Þar við bætist tekjuafgangur, kr. 10.000.000 sem háskólinn þarf að reikna með þar til rekstrarhalli frá 2007 og fyrri árum hefur verið jafnaður út að fullu.

Úlfar og Ólafur skýrðu út helstu forsendur og svöruðu spurningum þar að lútandi. Kennsluframboð fræðasviða er ekki mikið breytt frá 2011. Nýir kostnaðarliðir í háskólastarfinu eru helst kostnaður vegna afmælishalds HA og aukin gæðamál og markaðsstarf. Þá er gert ráð fyrir að rannsóknamiðsíða verði tekin upp aftur á árinu.



Fram kom að LÍÚ mun styrkja rannsóknasjóð HA með árlegum framlögum í þrjú ár og rætt var um frekari möguleika til tekjuöflunar.

Úlfar og Ólafur vinna áfram við gerð rekstraráætlunar og leggja hana fram aftur á janúarfundi háskólaráðs.

Rektor þakkaði þeim fyrir og fór Ólafur af fundinum.

## 5. Frá afmælisnefnd HA

"[málsnúmer]"

Bragi og Dagmar Ýr komu á fundinn og bauð rektor þau velkomin.

Yfirlíft afmælisársins er *Háskólinn á Akureyri – heimur í hnottskurn*.

Dagmar fór yfir áætlun afmælisnefndar í 16 liðum og einnig almanak ársins en gert er ráð fyrir að starfseiningar háskólangs skiptist á að sjá um afmælishaldið mánuð í senn. Afmælisvefur verður opnaður og gert verður átak í að safna ljósmyndum sem síðan munu nýtast í útgáfu á 25 ára sögu háskólangs.

Bragi sagði frá að hann mun ritstýra afmælisriti háskólangs. Búið er að ákveða stærð og brot bókarinnar og gera uppkast að kaflaskiptingu.

Ritið verður sögulegt yfirlit með upphafi í aðdraganda þess að Háskólinn á Akureyri var stofnaður. Leitað verður til fræðasviðanna varðandi sögu námsframboðs og einnig það hverju fræðasviðin hafa skilað samfélaginu í formi rannsókna og þróunar. Bókin verður gefin út hjá forlaginu Völuspá og er stefnt að útkomu hennar í tengslum við afmælishátið HA 8. september.

Rektor lýsti ánægju sinni með framtakið og taldi mjög jákvætt að Bragi Guðmundsson væri ritstjóri bókarinnar.

Háskólaráð þakkaði Braga og Dagmar fyrir og fóru þau af fundinum.

## 6. Reglur um Vinnumatssjóð HA, framhald frá síðasta fundi

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá tilurð reglna frá 2009 sem að verulegu leyti voru mótaðar af háskólaráði. Sagði hann frá að reglurnar hafa verið í endurskoðun lengi. Við þá endurskoðun var litið til sambærilegra reglna við HÍ enda mælti flest með því.

*Reglur um Vinnumatssjóð HA* voru unnar í samvinnu við stjórn FHA. Þær eru í samræmi við vilja stjórnar FHA og er það staðfest í brefi frá Hjörðísi Sigursteinsdóttur formanni FHA dagsettu 13. des. 2011.

Umræða varð um þriðju grein reglnanna. Rektor útskýrði að grunnhugsunin er að háskólinn leggur fé í vinnumatssjóð eftir starfshlutfalli kennara, ca. 12% af meðaldagvinnulaunum þeirra og væri því framlag 50% kennara helmingi minna en þeirra er væru í fullu starfi. Fulltrúi nemenda taldi að með þriðju greininni væri kennurum mismunað eftir starfshlutfalli og var hann ekki tilbúinn til að samþykka reglurnar.

Rektor lagði fram tillögu um að reglurnar yrðu samþykktar. Fulltrúi nemenda lagði til að tillögunni yrði vísað frá. Óskaði hann eftir að bókað yrði álit hans:

„Háskólaráð hefur það að markmiði að efla rannsóknir við Háskólinn á Akureyri. Reglur um Vinnumatssjóð eins og þær liggja fyrir eru ekki í samræmi við það markmið Háskólaráðs. Hlutastarfsmenn við Háskólinn á Akureyri eru mikilvægir fyrir háskólanum okkar og ættum við síst að letja þá til rannsókna og skrifta. Finnst mér, sem fulltrúi nemenda við Háskólinn á Akureyri að við ættum frekar að taka á því vandamáli sem felst í akademískum starfsmönnum HA sem sinna ekki rannsóknarskyldu sinni“.

SAS  
HG

Rektor bar þá upp tillögu fulltrúa nemenda um að tillögu um samþykkt reglnanna yrði vísað frá. Sú tillaga var felld. Sveinn Arnarsson, Hermann Óskarsson og Hjörleifur Einarsson studdu hana en Kristín Ástgeirsdóttir, Jóna Jónsdóttir og rektor voru á móti frávísunartillöggunni. Rektor lagði þá fram tillögu um *Reglur um Vinnumatssjóð HA* og að þær taki gildi 1. janúar 2012 vegna starfa á árinu 2012, þ.e. næðu ekki til ársins 2011 eins og áður var lagt til, og var sú tillaga samþykkt. Sveinn Arnarsson var á móti, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóna Jónsdóttir og rektor voru með og Hermann Óskarsson og Hjörleifur Einarsson sátu hjá.

#### 7. Skipun öryggisnefndar HA

1110010

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að skipum öryggisnefndar HA 2011-2013. Í öryggisnefnd sitja:

Sæunn Mjöll Stefánsdóttir fulltrúi, tilnefnd af SFR  
Rúnar Gunnarsson alþjóðafulltrúi, tilnefndur af FHA  
Sonja Stelly Gústafsdóttir aðjúnkt, tilnefnd af rektor  
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður, tilnefndur af rektor

Til vara:

Sigþór Pétursson prófessor, tilnefndur af Félagi prófessora  
Sara Stefánsdóttir aðjúnkt, tilnefnd af rektor.

Rektor mun skipa formann öryggisnefndar.

Sveinn Arnarsson mun leggja til við rektor formlega að nemendur skipi sinn fulltrúa í öryggisnefnd.

#### 8. Stefnumótun HA 2012 - 2017

"[málsnúmer]"

Rektor sagði frá því að drög að stefnu eru á lokastigi vinnslu. Þau verða tilbúin í janúar næstkomandi og verða þá send til umsagna til fræðasviðanna.

#### 9. Önnur mál

Engin mál voru tekin upp undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00

Jóna Jónsdóttir  
Hjörleifur Einarsson  
Sveinn Arnarsson